

Mál nr. 524/2011

M

og

V (vátryggingafélag). fyrir hönd erlendra vátryggjenda ábyrgðartryggingar fyrir stjórnendur.
H

Ágreiningur um bótaskyldu stjórnendatryggingar, krafa um frávísun.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.12. 2011.
- 2) Bréf umboðsmanns vátryggjenda til nefndarinnar, dags. 13.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir sbr. gögn málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

H hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun í gögnum málsins sbr. og samþykktir úrskurðarnefndar. H veitir ekki samþykki sitt fyrir því að úrskurðarnefndin fjalli um málið.

Álit

Með hliðsjón af því að hinir erlendu vátryggjendur samþykkja ekki að úrskurðarnefndin fjalli um ágreiningsmál þetta er málinu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 14. febrúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.